



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Egilsstöðum
Opinber heimsókn
25. september 1999**

Þessir austfirsku dagar hafa verið einstök reynsla og gaman að hitta á ný það góða fólk sem hér býr, kynnast sóknarhug og metnaði sem aldrei dvínar, sterkum vilja til að búa svo um hnúta að hér megi áfram sem fyrr dafna blómlegar byggðir í góðri sátt manns og náttúru. Tignarleg fjöllin eru fagur vitnisburður um formskyn skaparans, hágnæf Dyrfjöllin skörðótt og svipsterk, og Snæfell, kyrrlát og fögur fjalladrottning.

Hér má njóta tignar hárra fjalla og sérstæðrar sýnar af heiðarvegum; í breiðum og blómlegum héruðum skiptast ávalir ásar á við ræktuð tún. Hér gefst víða vitnisburður um nýjar leiðir við að endurheimta skógana, hvernig við ætlum að gera orð Ara fróða um ásýnd landsins milli fjalls og fjöru á nýjan leik að réttnefni.

Héraðið og firðirnir hafa alið þjóðinni skáld og snillinga sem hyllt hafa heimaslóðir í sígildum verkum. Hér ólst Kjarval upp við álfaborgir og litadýrð; Austurland vakti löngun hans til listsköpunar, þroskaði formskyn og skarpan skilning á blæbrigðum náttúrunnar. Og þegar Kjarval hafði víða ferðast og skoðað hið helsta í heimslistinni kom hann hingað aftur til að nema á ný listaverkin í landslaginu. Hann gerði sér hús í Hjaltastaðarþinghá nærri Selfljóti og voru þar hinir fyrstu Kjarvalsstaðir; utan á húsið málaði hann fána og hinn stærsti var Hvítbláinn, hugsjónafáni sjálfstæðisbaráttunnar.

Sagan og bókmenntirnar eiga hér djúpar rætur á óviðjafnanlegu leiksviði Héraðs og fjarða; viðburðir og skáldskapur; allt kviknar það til

lífs í minningum og hugskoti. Nálægðin við fortíðina eykur nýrri vídd við hið blómlega og sjálfstæða mannlíf sem einkennir austfirska samtíð, myndar sterkan hljómbotn við ferskar hugmyndir um framfarir og nýja sókn í fjórðungnum, nýsköpun í atvinnulífi og þróttmikla menningu.

Hrafnkels saga Freysgoða er sannarlega kjörgripur íslenskra bókmennta, „ein hin fullkomnasta stutta bóksaga sem til er í heimsbókmenntunum” sagði Sigurður Nordal í frægri ritgerð. Hrafnkatla eða Hrafnkela eins og margir Austfirðingar kalla hana er fágætlega snjöll sundurgreining á eðli valdsins, ábyrgð þess sem kallaður er til forystu í sinni heimabyggð. En hún er líka sígild rannsókn á mannlegu eðli, metnaði og ofsa, ofdirfð og auðmýkt.

Sigurður Nordal lyfti Hrafnkötlu í slíkar hæðir að engin fornsagna hefur orðið eins fyrirferðarmikil í rannsóknum og samræðum fræðimanna og fagurkera víða um veröld. Var þó Freysgoðinn engin fyrirmynd að góðsemi eða sanngirni enda er honum svo lýst í sögunni:

„Hann þrengdi undir sig Jökuldalsmönnum til þingmanna. Hann var linur og blíður við sína menn en stríður og stirðlyndur við Jökuldalsmenn og fengu af honum öngvan jafnað. Hrafnkell stóð mjög í einvígjum og bætti öngvan mann fé því að enginn fékk af honum neinar bætur hvað sem hann gerði.”

Reyndar létu Austfirðingar ekki staðar numið fyrir á öldum við að færa heiminum ódauðlegar bókmenntir og efnivið í aðrar heldur hafa þeir haldið því áfram fram til okkar tíma, og eru enn að því verki.

Í greininni Skammdegisnótt í Jökuldalsheiðinni segir Halldór Laxness frá því þegar hann varð veðurtepptur í koti austur þar og næturstaðurinn var langt frá mannabyggðum, heimilisfólkið bóndi og kona hans, sonur þeirra og móðir bóndans, gömul og farlama. Bóndinn átti fáeinar kindur en kúnni hafði hann slátrað til að eiga nóg hey handa rollunum. „Hann sagði að það gerði minna til þótt fólkið væri mjólkurlaust og matarlítið, aðalatriðið væri að hafa nóg handa kindunum,” segir Halldór.

Heimilisfólk var allt guggið og einkum bar gamla konan sig illa, það um mjólk. Skáldið átti dropa og gaf henni, og segir svo í frásögninni:

„Hún hellti mjólkinni í skál og saup einn sopa, setti síðan lok á skálina og lét hana upp á hornhilluna. Seint um kvöldið saup hún aftur einn sopa og setti síðan lokið á skálina. Um miðja nótt fékk hún sér aftur einn sopa. „Ég með alla mjólkurilöngunina”, tautaði hún fyrir munni sér. Hún sagðist ætla að geyma sér þennan leka í nokkur dægur.”

Svona er lýsingin; rituð fyrir röskum sjötíu árum; má þar kenna innblástur og fyrirmyndir að Sjálfstæðu fólki. Hafa fáar bækur komist nær hjarta Íslendinga en þessi baráttusaga einyrkjans í heiðinni austur hér; engin bók íslensk frá þessari öld hlotið slíkan virðingarsess á Vesturlöndum; nafnfrægur gagnrýnandi í bandarísku stórblaði taldi Sjálfstætt fólk til hundrað helstu bókmenntaverka aldarinnar.

Annar helsti skáldjöfur Íslendinga var vissulega enn handgengnari fjórðungnum. Gunnar Gunnarsson var fæddur hér skammt undan, á Valbjófsstað í Fljótsdal og ólst þar upp fyrstu æviárin uns fjölskyldan færði sig um set til Vopnafjarðar. Hér er heimavöllur fyrstu bókanna í Fjallkirkjunni, skáldverkinu sem byggt er á lífi Gunnars; þroskasögu úr austfirskri sveit sem færði bóndasoninn í fremstu skáldaröð sinnar tíðar. Fjallkirkjan er ekki aðeins heillandi og innileg saga, hún er líka einstök lýsing á íslensku þjóðlífi við árdaga þessarar aldar, á kröppum kjörum og daglegu lífi, sagnalist og fastri hrynjandi dæguranna í kyrrlátu bændasamfélagi sem lítið hafði breyst um langa tíð.

Heimahagarnir voru Gunnari kærir og áttu öndvegissæti í huga hans hvar sem hann fór. Og þegar hann hafði lagt heiminn að fótum sér með snjöllum skáldsögum sneri hann baki við þeirri veröld til þess að yrkja jörðina í Fljótsdalnum, gerast austfirskur bóndi þó búskaparlagið væri kannski annað og stærra í sniðum en á flestum bæjum.

Skáldskapurinn á svo sterkar rætur hér í fjórðungnum að orðin „austfirsk skáld” eru hugtak í íslenskrri bókmenntasögu: samfelldur þráður allt frá því að Einar Sigurðsson í Eydölum orti Guði til dýrðar þær vísur sem við syngjum enn um hver jóla; afkomendur hans höfuðskáldin á sautjándu öld Stefán Ólafsson og Bjarni Gissurarson, sem standa við hlið Hallgríms Péturssonar. Má og nefna skáldbóndann Pál Ólafsson sem var öllum öðrum hagamæltari og orti ástarljóð til seinni eiginkonu sinnar,

Ragnhildar Björnsdóttur, að minnsta kosti eitt á hverjum degi; þegar hann sá hey í skóm hennar kom stakan:

Ég vildi' ég fengi' að vera strá
og visna' í skónum þínum,
því léttast gengirðu' eflaust á
yfirsjónum mínum.

Þannig mætti lengi dags og allt til nætur rekja rætur menningar og sögu sem hér liggja allt um kring og þið hafið á okkar tíð sinnt þeim arfi með miklum sóma.

Hún er mér kær minningin um heimsókn okkar Guðrúnar Katrínar á hátíðina miklu sem helguð var hálftrar aldar sögu Egilsstaða. Kvöldið í skóginum þegar draumaverur á Jónsmessunótt hlupu um rjóður og bala er enn lifandi í hugskotinu, skáldasmið úr smiðju Shakespeares en jafnframt sönnun þess hve ríkur er metnaður ykkar til góðra verka.

Ég nefndi það þá og geri líka nú að það yrði örugglega upplit á þeim sem fyrrum fóru ríðandi hér um túngarðinn ef þau gætu samfagnað með okkur í dag og séð það fjölskrúðuga mannfélag sem blasir við á Egilsstöðum, í Fellahreppi og nágrennabyggðum; traustar rætur í alhliða atvinnulífi, vel búnir skólar og íþróttasalir, söfn og samgöngumannvirki. Það sem hér er nú hlyti í þeirra augun að líkjast undraveröld, kannski eins og draumi úr skáldasmiðju í skóginum.

Árangurinn í uppbyggingu Héraðsins, Fellahrepps og Egilsstaða er mikilvægt mótvægi í þeirri umræðu um byggðavanda á Íslandi sem einkennt hefur dagsskrárefni þjóðmálanna á undanförunum árum.

Vissulega hafa mörg byggðarlög barist við erfiðleika og þrengingar, fábreytt atvinnulíf og einangrun og íbúum hefur víða fækkað ár frá ári; margir misst trú á möguleika landsbyggðarinnar.

Þess vegna er vert verulegrar athygli að á sama tíma hafa vaxið og eflst margir þéttbýlisstaðir í sveitum og breytt byggðamynstri landsins til hins betra.

Árangur Egilsstaðabúa, Fellahrepps og Héraðsins er í þessum efnum í senn lærdómsríkur og lofsverður. Á þessari öld hefur íbúafjöldinn rúmlega tuttugufaldast og atvinnulíf orðið fjölpættara; byggist nú á framleiðslu, iðnaði, þjónustu og verslun. Öflugar menntastofnanir bjóða nýjum kynslóðum fjölpætt tækifæri. Skógrækt og skrudgarðar lýsa alúð og virðingu gagnvart umhverfi og auðlindum náttúrunnar. Hátíðir tónlistar og skáldskapar, leiklistar og lita, efling safna og varðveisla muna og minja sýna ríkan metnað á sviði menningar og lista.

Þið getið vissulega glaðst yfir góðu verki. Saga ykkar er lýsandi fordæmi, sönnun þess að byggðir landsins búa yfir miklum krafti, getu til að sækja fram til bættra lífshjara og betra mannlífs.

Þróunarsaga þéttbýlisstaða sem eiga vöxt sinn og viðgang nábylinu við landbúnaðarhéruð að þakka er verðugt viðfangsefni í þeirri miklu umræðu sem fram hefur farið um vanda landbúnaðar og landsbyggðar.

Í umróti breytinga sem nú herja á heiminn allan eru einkum þrenns konar eiginleikar taldir öðrum fremri: Menntun, mannauður og náttúrugæði; forsendur hagsældar þjóða og byggðarlaga um langa framtíð.

Á þennan veg var inntakið í boðskapnum sem ég taldi hæfa á hátíðlegum tímamótum þegar við Guðrún Katrín nutum hér góðrar gestrisni og einlægrar vináttu.

Fyrir þær minningar þakka ég ykkur nú og jafnframt hafa samvistirnar þessa daga austur hér við ykkur og aðra góða íbúa fjórðungsins verið mér fjársjóður hugmynda og lærdóms, staðfesting þess sem ég hef löngum talið, að Austfirðingar geti svo sannarlega litið björtum augum til framtíðarinnar þótt á stundum sjáist á himni dimmir skýjabakkar.

Heimsókn mín til Héraðsins, Fjarðabyggðar, Seyðisfjarðar, Vopnafjarðar og víðar hér um Austurland hefur aukið bjartsýni mína og trú á framfarir í fjórðungnum, einbeittan vilja íbúanna til að sækja fram til enn betra lífs, velferðar, menningar og mennta.

Það eruð þið heimamenn, Austfirðingar til sveita og í sjávarbyggðum, sem best munið duga til að skila þeim árangri sem byggðunum ber.

Ég þakka ykkur sem hér eruð og öllum þeim sem ég hef hitt í heimsókninni fyrir frábærar móttökur, vináttu og góðar samverustundir.

Megi heill og hamingja fylgja ykkur um alla framtíð.